

REGLUGERÐ

145

4. ágúst

um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 73 31. des. 1937, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og reglugerð nr. 69 15. maí 1939, um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

8. liður 12. greinar hljóði svo:

Rúg, rúgmjöl, hveiti, hveitigrjón (semiliugrjón), hveitimjöl, hafragrjón, hrísgrjón, hrismjöl, sagógrjón, sagómjöl, bankabygg, matbaunir, kartöflumjöl, sítrónur, kol, salt, brennsluoliur, smurningsoliur, benzín, hessian, tóma strigapoka, prentaðar bækur, blöð, timarit.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. ágúst 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKT

146

14. apríl

um vörzlu alifugla í Flateyrarkauptúni.

1. gr.

Hver húsráðandi á Flateyri, sem á alifugla, svo sem hænsni, gæsir og endur, skal skyldur til að geyma þá í þar til gerðu húsi eða girðingum, svo öruggt sé að þeir gangi ekki lausir á tímabilinu frá 1. maí til 30. september ár hvert. Þó má hleypa þeim í fjöru þann tíma, þar sem þannig hagar til, að þeir geta engan átroðning eða óskunda gert öðrum.

2. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 5—100 krónum, sem renna í sveitar-sjóð.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið eins og almenn lög-reglumál.

Samþykkt þessi, sem er samin og samþykkt samkvæmt lögum nr. 32 4. júní 1924, er hér með staðfest til að öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. apríl 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.